

# Tillaga um styrkúthlutanir 2025

**Aðalfundur Félags austfirskra kvenna í Reykjavík, haldinn í Grensáskirkju 3. mars 2025, samþykkir að úthluta 500.000 krónum af fjármunum félagsins í styrki, sem hér segir:**

**Styrkur að upphæð kr. 250.000,- til Bergsins Headspace.**

Bergið veitir einstaklingsmiðaða ráðgjöf og þjónustu til ungmenna frá 12 til 25 ára. Með fræðslu og stuðningi er leitað leiða að bættri líðan og efla virkni ungmenna í samfélaginu. Þjónustan miðar að því að efla þátttöku og þekkingu ungmenna sem og að auka tengsl þeirra við samfélagið.

**Styrkur að upphæð kr. 250.000 til Píeta samtakanna.**

Píeta samtökin reka hjálparsíma allan sólarhringinn, alla daga ársins. Ráðgjafar veita öllum þeim sem hringja ráðgjöf, bóka í viðtal eða vísa í önnur úrræði, sé þess þörf.

Píeta veitir meðferð fyrir þá sem eru í sjálfsvígshættu eða sjálfsskaða og stuðning við aðstandendur þeirra og aðstandendur sem hafa misst. Þjónustan er fyrir 18 ára og eldri og er gjaldfrjálsl.

---

## **Greinargerð:**

Umræða um andlega heilsu Íslendinga, ekki síst barna og ungmenna, hefur verið hávær undanfarin ár. Með hliðsjón af grafalvarlegri stöðu í þessum málaflokki þá leggur stjórnin til áherslu á andleg málefni og þá ekki síst þau hjálparúrræði sem ofangreind samtök bjóða upp á.